



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðstöðu strætisvagnafarþega í Mjódd

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 19. október 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til ráðist verði í umbætur á skiptistöðinni í Mjódd í því skyni að bæta aðstöðu strætisvagnafarþega. Um fjórar milljónir farþega fara árlega um stöðina og er því um að ræða fjölförnuðu umferðarmiðstöð landsins. Að lágmarki verði ráðist í eftirfarandi umbætur: 1. Kvöldopnun. Biðstöðin verði opin farþegum á kvöldin á meðan strætisvagnarganga. 2. Gæsla verði aukin í biðsalnum og salernisþrifum komið í lag. 3. Sætum í biðsal verði fjölgað og þau löguð sem fyrir eru. Biðsalurinn verði gerður hlýlegri, t.d. með uppsetningu listaverka.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 26. október 2022,

Umsögn:

Árið 2019 var gerður leigusamningur milli Reykjavíkurborgar og Sannra Landvætta um leigu á hluta jarðhæðar að Þönglabakka 4. Umhverfis- og skipulagssvið sér hvorki um gerð né eftirfylgni samninga vegna aðstöðunnar í Mjódd. Samkvæmt umsögn eignaskrifstofu um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins dags. 19. júní 2023 hefur núverandi rekstraraðili sagt upp leigusamningi og mun aðstaðan við Mjódd verða auglýst aftur og tekið verður tillit þeirra ábendinga sem koma fram í tillögunni.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint umsögnin berst.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri